

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna flugvallar í Hvassahrauni**

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg láti af fjármögnun og annarri þátttöku í undirbúningsvinnu vegna hugsanlegs flugvallar í Hvassahrauni.

### **Greinargerð**

Árið 2019 gerðu ríkið og Reykjavíkurborg samkomulag um að standa fyrir rannsóknum á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni (Afstapahrauni). Markmiðið var að kanna kosti þess að leggja og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug.

Starfshópur sem skipaður var til að skoða málið hefur nú skilað skýrslu og var hún kynnt 1. október sl. Hópurinn hefur ekki komist að óyggjandi niðurstöðu þrátt fyrir að umrædd skýrslugerð hafi tekið tvöfalt lengri tíma en upphaflega var áætlað. Hann útilokar ekki flugvöll í Hvassahrauni og leggur til að ráðist verði í frekari rannsóknir vegna málsins.

Komið hefur í ljós að forsendur hættumatsskýrslu Veðurstofunnar, sem unnin var fyrir verkefnið, voru byggðar á stöðu þekkingar áður en eldsumbrotatímabil hófst á Reykjanesskaga árið 2021. Síðan hafa miklar jarðhræringar orðið á skaganum eins og kunnugt er, m.a. níu eldgos af ýmsum stærðum og gerðum.

Ekki er skynsamlegt að Reykjavíkurborg ráðist í frekari kostnað vegna rannsókna og framkvæmda í tengslum við flugvallarhugmyndir í Hvassahrauni á næstu áratugum, vegna þeirra eldsumbrota og jarðhræringa, sem orðið hafa á Reykjanesskaga frá árinu 2021, og fyrirsjáanlegt er að haldi áfram.

Jarðvísindamenn hafa bent á að nýhafið eldsumbrotatímabil á Reykjanesskaga geti staðið í áratugi eða aldir og á því tímabili muni gjósa mun víðar á svæðinu en raunin hefur orðið frá 2021. Margir af virtustu jarðvísindamönnum landsins hafa varað við því að nýjum varaflugvelli verði fundinn staður í Hvassahrauni og telja að margir aðrir staðir utan Reykjanesskaga henti mun betur í því skyni.

Fjármálaráðherra hefur lýst yfir því að hann sé ekki reiðubúinn að fjármagna uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Ráðherrann bendir á að mikil óvissa ríki um öryggi á svæðinu. Þá séu miklar tækniframfarir framundan í flugi og að innan fárra ára verði unnt að nýta rafmagnsflugvélar í innanlandsflug. Slík þróun muni hafa þau áhrif að hljóðmengun og útblásturmengun hverfi og að flugbrautir verði styttri. Ljóst sé að Reykjavíkurflugvöllur muni þjóna hlutverki sínu næstu áratugina.